

*Stjórnarfundur HRFÍ 13. september 2021  
Haldinn kl. 17:00 á skrifstofu félagsins, Síðumúla*

Mættir: Daníel Örn Hinriksson, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Helga Kolbeinsdóttir, Marianna Gunnarsdóttir, Anna Guðjónsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir. Guðný Rut Isaksen framkvæmdastjóri sat fundinn.

### **Sámur**

Mikill kostnaður er að baki því að gefa blaðið út á prenti. Það þjónar bæði fjárhagslegum og umhverfislegum sjónarmiðum að blaðið sé einungis gefið út í rafrænu formi.

Í ljósi fjárhagsaðstæðna leggur stjórn til að gefa blaðið út rafrænt í þetta sinn og eiga fund með ritnefnd Sáms til að ræða framtíð blaðsins.

### **Erindi er varðar gotskráningu**

Stjórn barst erindi varðandi gotskráningu. Stjórn ræddi málið og komst að þeirri niðurstöðu að málið eigi heima hjá lögreglu og/eða siðanefnd.

### **Erindi frá Smáhundadeild**

Óskað eftir því að það komi fram

á augnvottorði ráðleggingar dýralæknis varðandi ræktun. Því miður er engin fýsileg lausn í boði til að verða við þeirri beiðni. Nauðsynlegt að fræða deildir og ræktendur um erfðapátt vissra augnsjúkdóma.

### **Augnskoðun**

Áætlað er að fá dýralækna hingað til að augnskoða í viku 44. Stjórn ræddi nauðsyn þess að finna hentugt húsnæði og sömuleiðis að ráða aðila til starfa með dýralæknunum.

### **Kaupsamningar og fóðursamningar**

Stjórn ræddi hugmyndir um að útfæra staðlaða samninga út frá Norrænum fyrirmyndum.

### **Svæðafélög**

Stjórn ræddi útfærslur á lögum og reglum fyrir svæðafélög.

### **Önnur mál**

**Aflestur mjaðmamynda:** Stjórn ræddi hvort mögulegt væri að bjóða uppá aflestur mjaðma- og olnbogamynda annars staðar en hjá SKK og frá USA.

**Heiðrun góðra ræktenda.** Stjórnin ræddi hugmyndir að því hvort og þá hvernig er hægt að útbúa gæðastuðul fyrir ræktendur og verðlauna þá sem ná vissum árangri.

### **Beiðni um fund vegna ættbókarleysis.**

Aðilar úr stjórn áttu fund með félagsmanni sem leitaði til stjórnar vegna ættbókarleysis hunds í hans eigu, sem rekja má til þess að hundurinn er úr goti sem ekki fæst ættbókarfært sökum þess að ræktandi var í ræktunarbanni.

Reglur félagsins eru skýrar og stjórn staðfesti úrskurð skrifstofu að ekki sé hægt að ættbókarfæra hundinn.